

Fylgiskjal I: Tegund atvinnurekstrar og umfang hans:

Tilvísun til III. kafla, 10.2.a. greinar reglugerðar 785/1999 m. Breytingum 849/2000, 47/2001, 105/2004 og 1077/2055 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun („Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstrakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu“).

**Fyrirhugaður atvinnurekstur felst í framleiðslu á seiðum senegalflúru (*solea senegalensis*) og áframræktun flúriseiða upp í markaðsstærð fiska.**

Fyrirhugað er að reisa seiðastöð með framleiðslugetu á allt að 2 milljónum af 10 gramma seiðum senegalflúru og og fiskeldisstöð með matfiskframleiðslu á 500 tonnum í fyrsta áfanga og 2.000 tonnum í öðrum áfanga.

Áætlað er að byggja fiskeldisstöðina í tveimur áföngum. Hafist yrði handa við að byggja fyrsta áfangann 2012 fyrir framleiðslu á seiðum og framleiðslu á matfiski til sölu á 500 tonnum. Byrjað yrði með annan áfanga 2015, þegar bygging á eldi á 2.000 tonnum, hæfist.

Yfirlit yfir framkvæmdir og framleiðslu í fyrsta áfanga (500 tonn):

Hlutar	Fiskistærð	Vatn	Hitastig	Ker	Fjöldi	Stærð	m <sup>2</sup>
1. Klakstöð	1-5g		22 °C	Seiði og hrygningarstofn			2510
2. Seiðastöð	5-70g	Gegnumflæði	22 °C	D lögun 12x2	42	34	1428
3. Fiskeldi ungfiskur	70-120g	Gegnumflæði	22 °C	D lögun 21x3	24	65	1560
4. Matfiskeldi	120-350g	Gegnumflæði	22 °C	Átthyrnt 10x10	46	92	4232
Samtals áframeldi							<b>5792</b>
Samtals án seiðastöðvar							<b>7220</b>
Samtals							<b>9730</b>

Yfirlit yfir framkvæmdir og framleiðslu í öðrum áfanga (2.000 tonn):

Hlutar	Fiskistærð	Vatn	Hitastig	Ker	Fjöldi	Stærð	m <sup>2</sup>
1. Klakstöð	1-5g		22 °C	Seiði og hrygningarstofn			2935
2. Seiðastöð	5-70g	Gegnumflæði	22 °C	D lögun 12x3	165	34	5610
3. Fiskeldi ungfiskur	70-120g	Gegnumflæði	22 °C	D lögun 21x3	182	64	6144
4. Matfiskeldi	120-350g	Gegnumflæði	22 °C	Átthyrnt 10x10	184	92	16928
Samtals fiskeldi							<b>23072</b>
Samtals án seiðastöðvar							<b>28682</b>

Samtals **31617**Samantekt á stærð mannvirkja (m<sup>2</sup>):

Mannvirki	Nýting	Stærð mannvirkja
Byggingar:	Klakstöð:	12.800 m <sup>2</sup>
	Fiskeldi ungfiskur:	6.200 m <sup>2</sup>
	Pökkunarstöð:	2.000 m <sup>2</sup>
	<b>Samtals byggingar:</b>	<b>21.000 m<sup>2</sup></b>
	Matfiskeldi:	40.000 m <sup>2</sup>
Heildarlandsvæði undir byggingar, áframeldi, vegir og bílastæði:		<b>70.000 m<sup>2</sup></b>

Áframrækunarstöð með 500 tonna ársframleiðslugetu yrði byggð til þess rækta seiði upp í 350 g sölustærð fisks. Bæði seiðastöð og áframræktunarstöð yrðu byggð í einingum svo að bæta megi við mannvirkjum með skömmum fyrirvara þegar hrygningarstofn fer að skila reglulegu framboði eggja. Gert er ráð fyrir að á seinni stigum yrði hægt að auka seiðaframleiðslu í 7,2 milljónir seiða og í framhaldinu með byggingu eldis fyrir 2.000 tonna ársframleiðslu, sem yrði endanleg stærð, og samkvæmt reikningum fyrirtæksins, ákjósanlegasta stærð verkefnisins. Það myndi taka u.þ.b. 5 til 7 ár að ná slíkri fullri framleiðslu. Áætlaður lífmassi í kerjum miðað við 2.000 tonna ársframleiðslu nemur 850 tonnum.

Áætluð söluverðmæti á 500 tonna framleiðslu eru miðað við markaðsverð og gengisskráningu í dag rúmar 825 milljónir íslenskra króna. Þar með yrði söluverðmæti 2.000 tonna framleiðslu rúmar 3,5 milljarðar íslenskra króna. Þegar eldisstöðin hefur náð 2.000 tonna framleiðslugetu er áætlað að 80 starfsmenn vinni við stöðina, og það að auki 50 í tengdum og afleiddum störfum.

Slátrun á fiskinum fer þannig fram að hann er settur á ís í 500 kg fiskikör og honum ekið til pökkunarstöðvar. Fiskurinn er hvorki látinn blæða út, né er hann meðhöndlaður á neinn annan hátt í eldisstöðinni sjálfri, og því myndast enginn lífrænn úrgangur við slátrun. Fiskurinn fer í dá við snöggkælingu á ísum. Fiskurinn verður pakkaður til útflutnings í viðurkenndri pökkunarstöð í Reykjanesbæ eða í Grindavík. Að pökkun lokinni verður hann sendur út með flugi og skipi til markaða í Evrópu og Bandaríkjunum, þar sem honum verið dreift í gegnum sölukerfi Stolt Sea Farm.

Fiskeldið verður staðsetti í landi HS Orku við Reykjanesvirkjun. Ein af ástæðunum fyrir staðarvalinu eru aðgengi að affallsvatni Reykjanesvirkjunar, en fiskeldið mun notast við 20 °C til 22 °C stiga heitt sjóvatn.

Að neðan er fyrirhuguð staðsetning fiskeldsins með hnitamiðum:

